

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Ingu Ósk Jónsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytis árið 2008 eru áætluð um 5.853 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.156 millj. kr. en þær nema 19,8% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 214 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mestu um nýjan fjárlagalið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem tók til starfa 1. ágúst 2007 við samruna Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Aðrar helstu breytingar varða meðal annars hækkun á fjárveitingu til Orkustofnunar vegna undirbúnings rammaáætlunar og verkefna tengdum flóðum og flóðahættu. Þá hækkar framlag til stuðnings raforkunotendum utan samveitna en rafmagn á þeim svæðum er framleitt með dísilrafstöðvum og umframkostnaður borinn af þeim fyrirtækjum sem framleiða rafmagn á þessum svæðum. Framlag til niðurgreiðslu á kostnaði við dreifingu raforku í dreifibýli hækkar sem rekja má til hækkunar á gjaldskrá. Loks er gert ráð fyrir að fjárveiting hækki til reksturs almennrar skrifstofu iðnaðarráðuneytisins sem er tilkomin vegna breytinga á Stjórnarráðinu.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 210 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um 105 millj. kr. fjárveitingu í samræmi við tillögur stjórnvalda um fjárveitingar til eflingar samkeppnissjóða á sviði vísinda og tækni.

Tækniþróunarsjóður er annar tveggja þessara samkeppnissjóða og nemur hækkun til hans 80 millj. kr. á næsta ári. Hækkun framlaga til sjóðsins er hluti af hækkun sem boðuð hefur verið af hálfu ríkisstjórnar, en fulltrúar hennar hafa lýst því yfir að sjóðurinn verði tvöfaldaður á þessu kjörtímabili eða hækki úr 500 millj. kr. í 1 milljarð. Auk þess sem efling hans er sérstaklega tekin fyrir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Meiri hlutinn vill vekja athygli á þessu þar sem sú stefnumörkun kemur ekki fram í skýringum með frumvarpinu. Uppbygging tækniþróunarsjóðs er undirstaða þróunar í hátækniíðnaði um land allt auk þess að vera einn af fáum samkeppnissjóðum á þessu sviði á Íslandi. Meiri hlutinn vonast því til að auka megi fjármagn í sjóðinn á milli umræðna svo markmiðin um tvöföldun hans náist fyrir en ella.

Á fundum nefndarinnar kom meðal annars fram að í frumvarpinu eru framlög til starfsstöðvar Imprn á Ísafirði og til eflingar þróunarsetra á Hólmavík og á Patreksfirði í samræmi við tillögur nefndar um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Tillögurnar eru hluti af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnar vegna tímabundins samdráttar í aflaheimildum á

þorski.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að dregið verði eins og kostur er úr þeim neikvæðu áhrifum sem umræddur samdráttur í veiðum á þorski mun hafa á einstakar byggðir landsins og fagnar öllum aðgerðum ríkisvaldsins í þessum efnum.

Meiri hlutinn telur brýnt að allir íbúar landsins eigi tryggan og jafnan aðgang að heitu vatni og jöfn tækifæri til menntunar. Leggur meiri hlutinn því annars vegar til að meira fjármagn verði veitt til að mæta óskum um stofnstyrki vegna nýrra hitaveitna, sbr. 11. gr. laga nr. 78/2002, en samkvæmt upplýsingum frá iðnaðarráðuneyti skortir mikið á að fjárveiting ársins 2007 standi undir þeim umsóknum sem borist hafa. Meiri hlutinn hvetur til þess að þetta bil verði brúað og sveitarfélögum greitt það sem ber í milli enda um tímabundinn vanda að ræða. Hins vegar hvetur meiri hlutinn til þess að fjárveitingavaldið hækki framlög sem ætluð eru til þess að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, sbr. lög nr. 79/2003. Jöfnunarstyrkir þessir til námsmanna úr dreifbýli hafa sannað gildi sitt og eru gríðarlega þýðingarmiklir fyrir landsbyggðina.

Meiri hlutinn telur brýnt að ljúka gerð rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða á árinu 2009 í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Því fagnar meiri hlutinn 60 millj. kr. framlagi til þessa verkefnis sem unnið er að undir forystu iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Fjármunir eru nú í fyrsta sinn veittir til að kortleggja og vakta flóð á nokkrum svæðum á landinu. Meiri hlutinn vill vekja sérstaka athygli á þessu verkefni því mikilvægt er að upplýsingar um flóð og flóðahættu liggi fyrir þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun. Einnig er mikilvægt að hægt sé að vara við flóðum og fylgjast með framgangi þeirra með vöktunarmælum. Að lokum fagnar meiri hlutinn framlagi til djúpborunarverkefnisins en niðurstöður þess geta haft mikil áhrif á framtíðarnýtingarmöguleika á jarðhita.

Nefndinni bárust sex erindi í tengslum við safnið 11-299-1.50, Nýsköpun og markaðsmál. Í síðasta frumvarpi til fjárlaga var liðurinn aðeins 4 millj. kr. og ákvað nefndin þá að vísa öllum erindum til fjárlaganefndar. Í fjárlagafrumvarpi þessa árs er liðurinn 25 millj. kr. Tillögur koma fram á sérstöku fylgiskjali. Er þar meðal annars lagt til að Árneshreppur fái úthlutað 3 millj. kr. en lögð er áhersla á að umsókn hreppsins verði tekin til sérstakrar skoðunar í fjárlaganefnd og þá með hliðsjón af ákvæðum fjárlagafrumvarpsins og tillögum Vestfjarðanefndar.

Guðni Ágústsson, Kristján Þór Júlíusson, Björk Guðjónsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson skrifa undir álitid með fyrirvara. Hin þrjú síðastnefndu gera það vegna setu í fjárlaganefnd.

Ragnheiður Elín Árnadóttir og Grétar Mar Jónsson vorn fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. nóv. 2007.

Katrín Júlíusdóttir,
form.

Kristján Þór Júlíusson, með fyrirvara.

Einar Már Sigurðarson.

Guðni Ágústsson, með fyrirvara.

Björk Guðjónsdóttir, með fyrirvara.

Ármann Kr. Ólafsson, með fyrirvara.